



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þriðjudaginn 24. júní 2014 kom nýkjörin sveitarstjórn Skagastrandar saman til fyrsta fundar kl 16.00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Steindór R. Haraldsson, Inga Rós Sævarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Adolf H. Berndsen sem hefur lengstan starfsaldur í sveitarstjórn af nýkjörnum sveitarstjórnarfulltrúum setti fundinn og stjórnaði kjöri oddvita. Hann stýrði síðan fundi sem oddviti.

1. Kosning oddvita og varaoddvita

(til fjögurra ára sbr. 7. gr. samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar)

Tillaga um Adolf H. Berndsen var samþykkt með þremur samhljóða atkvæðum. Tillaga um Halldór G. Ólafsson sem varaoddvita var samþykkt með þremur atkvæðum en tillaga um Steindór R. Haraldsson fékk tvö atkvæði.

Umræður urðu um fundartíma og fundarsköp. Í samþykktum sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að fastur fundartími sé fyrsti miðvikudagur hvers mánaðar. Samþykkt að stefna almennt að því að fundartími verði kl 8 að morgni.

2. Skýrsla kjörstjórnar um sveitarstjórnarkosningar 2014

Fyrir fundinum lá skýrsla kjörstjórnar þar sem fram kemur að kjósendur á kjörskrá hafi verið 356 og greidd atkvæði alls hafi verið 327. Gildir atkvæðaseðlar voru 314 en auðir og ógildir 13. Úrslit kosninganna voru þau að D-listi, Við öll fékk 110 atkvæði og 2 menn kjörna en H-listi Skagstrandarlistinn fékk 204 atkvæði og 3 menn kjörna.

Kjörnir aðalmenn í sveitarstjórn Skagastrandar eru því

Adolf H. Berndsen	H – lista
Steindór R. Haraldsson	Ð – lista
Halldór G. Ólafsson	H – lista
Róbert Kristjánsson	H – lista
Inga Rós Sævarsdóttir	Ð – lista

Kjörnir varamenn:

Gunnar Halldórsson	H – lista
Kristín B. Leifsdóttir	Ð – lista
Jón Ólafur Sigurjónsson	H – lista
Péturína L. Jakobsdóttir	H – lista
Guðlaug Grétarsdóttir	Ð – lista



3. Kosning í nefndir sveitarfélagsins

(til fjögurra ára skv. 40. gr. samþykktar um stjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar)

1. Kjörstjórn við sveitarstjórnar- og alþingiskosningar.

Aðalmenn:

Lárus Ægir Guðmundsson

Guðbjörg Ólafsdóttir

Ingibjörg Kristinsdóttir

Til vara:

Pétur Eggertsson

Gígja H. Óskarsdóttir

Vigdís Þorgeirsdóttir

2. Hafnar- og skipulagsnefnd.

Aðalmenn:

Adolf H. Berndsen

Jóhann Sigurjónsson

Péturína L. Jakobsdóttir

Sigríður Gestsdóttir

Þröstur Líndal

Til vara:

Árni Sigurðsson

Ari Jón Þórssen

Guðjón Guðjónsson

Þórarinn Grétarsson

Hallbjörn Björnsson

3. Fræðslunefnd.

Aðalmenn:

Péturína L. Jakobsdóttir

Baldur Magnússon

Hafðís Ásgeirsdóttir

Guðmundur Erlendsson

Eygló Amelía Valdimarsdóttir

Til vara:

Sigurlaug Ingimundardóttir

Eva Dögg Bergþórsdóttir

Gunnar Halldórsson

Bryndís Valbjarnardóttir

Björn Sigurðsson

4. Tómtunda- og menningarmálanefnd.

Aðalmenn:

Sigurlaug Ingimundardóttir

Hrefna Þorsteinsdóttir

Róbert Gunnarsson

Sigrún Líndal

Guðlaug Grétarsdóttir

Til vara:

Sigprúður Elínardóttir

Fannar J. Viggósson

Björk Sveinsdóttir

Áslaug Ottósdóttir

Björn Hallbjörnsson

5. Atvinnu- og ferðamálanefnd.

Aðalmenn:

Halldór G. Ólafsson

Gunnar Halldórsson

Árný Gísladóttir

Kristín B. Leifsdóttir

Kristín B. Guðmundsdóttir

Til vara:

Adolf H. Berndsen

Ari Jón Þórssen

Guðmundur H. Stefánsson

Írena Rúnarsdóttir

Guðmundur Björnsson

6. Fulltrúi í stjórn Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál.

Adolf H. Berndsen

Til vara: Halldór G. Ólafsson



7. Fulltrúi í stjórn Byggðasamlags um Félags- og skólaþjónustu Austur Húnavetninga.

Halldór G. Ólafsson

Til vara: Péturína L. Jakobsdóttir

8. Fulltrúi í Byggðasamlag um Tónlistarskóla Austur Húnavatnssýslu.

Róbert Kristjánsson

Til vara: Jón Ólafur Sigurjónsson

9. Fulltrúa á ársþing (Samband sveitarfélaga á Norð-Vesturlandi (SSNV).

Aðalmenn:

Til vara:

Adolf H. Berndsen

Róbert Kristjánsson

Halldór G. Ólafsson

Péturína L. Jakobsdóttir

Inga Rós Sævarsdóttir

Steindór R. Haraldsson

10. Fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Adolf H. Berndsen

Til vara: Halldór G. Ólafsson

11. Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.

Magnús B. Jónsson

Til vara: Halldór G. Ólafsson

12. Félagslegir endurskoðendur

Aðalmenn:

Til vara:

Lárus Ægir Guðmundsson

Guðrún Pálsdóttir

Guðbjörg Ólafsdóttir

Guðmundur Erlendsson

4. Ráðning sveitarstjóra

Sveitarstjórn tók til umfjöllunar ráðningu sveitarstjóra. Magnús vék af fundi undir þeirri umræðu. Fram komu tvær tillögur um ráðningu sveitarstjóra:

- 1) Við undirrituð leggjum fram eftirfarandi tillögu í sveitarstjórn Skagastrandar.
Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir að auglýsa starf sveitarstjóra laust til umsóknar. Athugasemd: Við erum andvíg því að ráðið sé í starf sveitarstjóra án auglýsingar. Starf framkvæmdastjóra sveitarfélagsins hefur ekki verið auglýst laust til umsóknar, sl. 28 ár og teljum við bæði rétt og tímabært að það skuli nú gert í upphafi nýs kjörtímabils.
Steindór R. Haraldsson (sign) Inga Rós Sævarsdóttir (sign)
Tillagan var felld með þremur atkvæðum gegn tveimur
- 2) Við undirritaðir leggjum til að oddvita verði falið að ræða við Magnús B. Jónsson um áframhaldandi starf sem sveitarstjóri sveitarfélagsins.
Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Róbert Kristjánsson
Tillagna var samþykkt með þremur samhljóða atkvæðum.

5. Siðareglur sveitarstjórnar

Fyrir fundinum lá tillaga að siðareglum sveitarstjórnar til fyrri umræðu. Markmið reglnanna er að skilgreina það háttarni og viðmót sem kjörnum fulltrúum ber að sýna við störf sín á vegum Sveitarfélagsins Skagastrandar. Reglurnar ná til sveitarstjórnarfulltrúa og annarra sem kjörnir



eru til setu í nefndum og ráðum sveitarfélagsins. Sveitarstjórn ræddi reglurnar en vísaði þeim síðan til annarrar umræðu.

6. Stuðningur við framboð til sveitarstjórnar

Fyrir fundinum lá svohljóðandi tillaga um stuðning við framboð til sveitarstjórnar á Skagaströnd „Sveitarstjórn samþykkir svohljóðandi reglur um stuðning við framboð til sveitarstjórnar á Skagaströnd. Sveitarfélagið greiðir árlega 200.000 kr. til framboðanna og skal ráð fyrir því gert í fjárhagsáætlun. Skipting fjárhæðarinnar fer eftir atkvæðamagni í síðustu kosningum til sveitarstjórnar. Við kosningar til sveitarstjórnar 2018 skal fjárhæðin skiptast milli þeirra framboða sem þá bjóða fram samkvæmt atkvæðaskiptingu í þeim kosningum.“

Sveitarstjórn ræddi tillöguna en hún var síðan samþykkt með fimm samhljóða atkvæðum.

Sveitarstjórn samþykkti svohljóðandi viðauka við fjárhagsáætlun:

Liður: 21011-9991 hækki um 200.000,-

7. Grunnskóli:

a. Ráðning skólastjóra

Fyrir fundinum lá ráðningarsamningur við Veru Ósk Valgarðsdóttur kr. 030253 3029 sem sveitarstjóri hafði undirritað með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkti að Vera Ósk Valgarðsdóttir verði ráðin skólastjóri við Höfðaskóla í eitt ár frá 1. ágúst 2014.

b. Erindi um stuðningsfulltrúa

Fyrir fundinum lágu þrjú bréf skólastjóra öll dags. 11. júní 2014, þar sem óskað er heimildar til að ráða stuðningsfulltrúa vegna þriggja mála, annarsvegar vegna sér þarfa tveggja nemenda og hins vegar vegna fjölgunar nemenda í frístundaveri. Samtals er óskað heimildar til að ráða stuðningsfulltrúa í 1,35 stöðugildi.

Sveitarstjórn ræddi erindin en frestaði afgreiðslu þess til næsta fundar og ákvað að óska eftir fundi með skólastjóra um málið.

c. Skýrsla um frístundaver

Fyrir fundinum lá skýrsla sem María Ösp Ómarsdóttir yfirmaður frístundaversins hafði tekið saman um rekstur þess og skipulag. Skýrslan var til kynningar.

8. Vinabæjamót – dagskrá

Fyrir fundinum lágu drög að dagskrá vinabæjamóts í norrænni vinabæjakeðju sem Skagaströnd hefur verið aðili að í 25 ár. Aðrir vinabæir í keðjunni eru: Aabenraa í Danmörku, Lohja í Finnlandi, Ringerike í Noregi og Växjö í Svíþjóð. Vinabæjamótið verður haldið á Skagaströnd dagana 3. júlí – 6. júlí nk.

Málið var til kynningar.

9. Bréf:

a. Tónlistarskóla Akureyrar, dags. 16. júní 2014

Með bréfinu óskar skólastjóri tónlistarskólans eftir að sveitarfélagið greiði sveitarfélagshluta námskostnaðar Guðrúnar Önnu Halldórsdóttur sem hefur sótt um áframhaldandi nám við



skólann á næsta skólaári. Í bréfinu kemur einnig fram að sveitarfélagið geti sótt um mótframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Halldór lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið og vék af fundi við umfjöllun og afgreiðslu þess.

Sveitarstjórn samþykkti að verða við erindinu en fól sveitarstjóra að leggja vinnureglu um málið fyrir sveitarstjórn.

Sveitarstjórn samþykkti svohljóðandi viðauka við fjárhagsáætlun:

Liður 0451-9695 hækki um 500.000

b. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 28. maí 2014

Með bréfinu er kynnt tímabundin breyting á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Fram kemur að breytingin varðar ýmis samstarfsverkefni sem hafa verið leyst í gegnum jöfnunarsjóð sveitarfélaga ss. stuðning við tónlistarnám, varasjóð húsnæðismála og ýmis sérverkefni flust hafa til sveitarfélaga frá ríki á undanförunum árum. Með bréfinu er gerð grein fyrir hvernig fjárframlög til þessara verkefna verði innheimt af framlögum jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga.

c. Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 12. júní 2014

Með bréfinu er tilkynnt um framlag til nýbúafræðslu á fjárhagsárinu 2014.

Bréfið var til kynningar.

d. Skákfélagsins Hróksins, dags. 11. júní 2014

Með bréfinu kynnir Hrafn Jökulsson, forseti Hróksins starfsemi félagsins og óskar jafnframt eftir stuðningi við starf þess og uppbyggingu skákípróttarinnar m.a. á Grænlandi og býður þeim sem styðja við starfið að gerast Gull, Silfur eða Brons-bakhjarlar.

Sveitarstjórn samþykkti að gerast Brons-bakhjarl félagsins og greiða 25 þús. kr.

e. Þjóðskrár Íslands, dags. 13. júní 2014

Efni bréfsins er að gera grein fyrir nýju fasteignamati sem tekur gildi 31. desember 2014.

Heildarmat fasteigna á Íslandi hækkar um 7,7% og miðast við verðlag fasteigna í febrúar 2014.

Samkvæmt skýrslu um endurmat fasteigna hækkar fasteignamat á Skagaströnd 2015 um 5,4% verður heildarmat fasteigna 3.660.979 þús. Landmat lækkar hins vegar um 2,5% og verður 355.817 þús.

Bréfið var til kynningar.

10. Fundargerðir:

a. Skipulags- og byggingarnefndar, 22.05.2014

Sveitarstjórn staðfesti niðurstöður skipulags- og byggingarnefndar í dagskrárliðum:

1. a) Staðfesting lóðamarka
1. b) Deiliskipulag Melstaðatúns
1. c) Jarðvegsmanir norðan Ránarbrautar

Fundargerðin var að öðru leyti til kynningar.



- b. Stjórnar Félags og skólaþjónustu A-Hún, 12.06.2014
Fundargerðin var til kynningar
- c. Stjórnar Norðurár bs, 15.05.2014
Fundargerðin var til kynningar
- d. Stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga, 15.05.2014
Fundargerðin var til kynningar
- e. Stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, 16.05.2014
Fundargerðin var til kynningar.

11. Önnur mál

- a) Sveitarstjórn hafði borist bréf frá þremur leikskólakennurum sem starfa við Leikskólann Barnaból og lýsa áhyggjum yfir þeirri óvissu sem er um mönnun og skipulag vegna þess að leikskólastjóri muni ekki koma til starfa eftir sumarfrí.
- b) Fyrir fundinum lá bréf leikskólastjóra sem skýrir fyrirhugað veikindaleyfi sitt og áætluð starfslok. Í bréfi leikskólastjóra koma sömuleiðs fram áhyggjur af þeirri óvissu sem er í starfsmannamálum.
Sveitarstjórn ræddi bæði bréfin og kom fram að mál eru í vinnslu gagnvart Hjallastefnu og því ekki orðið skýrt hvernig rekstri leikskólans verði háttað að afloknu sumarleyfi skólans. Oddvita og sveitarstjóra falið að halda áfram viðræðum við Hjallastefnu með það að markmiði að fá niðurstöðu í málið sem fyrst.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl 19.00

Adolf H. Berndsen,

Halldór G. Ólafsson,

Róbert Kristjánsson

Steindór R. Haraldsson

Inga Rós Sævarsdóttir

Magnús B. Jónsson